

2002-2003

Endurmenntun

Skrifað 14 maí 2011

Endurmenntun kennara

Framhaldsskólinn á Laugum getur státað af því að kennarar hans hafa mikinn metnað til að bæta við þekkingu sína og stundar mjög hátt hlutfall þeirra nám samhliða starfinu.

Sverrir Haraldsson, námsráðgjafi, stundaði meistaranám í sérkennslufræðum við Háskólann á Akureyri. Ragnar Bjarnason, íþróttakennari var í framhaldsnámi í íþróttufræðum, með áherslu á heilsuþjálfun, við Kennaraháskóla Íslands.

Hallur Reynisson, áfangastjóri, lagði stund á viðbótarnám í stærðfræði við Háskóla Íslands.

Aníta Karin Guttesen stundaði viðbótarnám í dönsku við Kennaraháskóla Íslands.

Ragna Heiðbjört Þórisdóttir stundaði nám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands.

Friðrik Olgeir Júlíusson stundaði nám til kennsluréttinda við Kennaraháskóla Íslands

Valgerður Gunnarsdóttir, Konráð Erlendsson og Rósa Bacmann sóttu námskeið hjá Skýrr um innleiðingu nýs fjárhags- og mannauðskerfið hjá ríkisstofnunum.

Gettu betur

Skrifað 14 maí 2011

Gettu betur 2002-2003

Framhaldsskólinn á Laugum tók þátt í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur, skólaárið 2002-2003. Starfið hófst með undankeppni í október fyrir þá nemendur sem áhuga höfðu á þátttöku í keppninni. Hún var ágætlega sótt og sex stigahæstu þátttakendurnir voru valdir til æfingar fram að keppni. Áhugi þeirra entist þó ekki fram að jólum, þannig eftir stóðu þrír nemendur sem æfðu af kappi fyrir þátttökuna. Þegar til keppinnar kom hætti svo einn nemandi við þátttöku, þannig fenginn var varamaður í liðið.

Undankeppnin var 80 spurninga listi úr hinum ýmsu málaflokkum sem kennarar skólans aðstoðuðu við að setja saman. Æfingar hófust um miðjan október og voru fyrst um sinn einu sinni í viku en fjölgaði svo í tvö skipti í viku þegar nær dróg, alltaf a.m.k. klukkutíma í senn. Þess á milli lásu nemendur heima þann efnisflokk sem þeir höfðu valið í sameiningu við umsjónarmann. Ekki fengust aðstoðarmenn í vetur líkt og árið áður, þannig að keppendur sáu sjálfir um að vinna gögn með aðstoð umsjónarmanns. Undirbúningurinn fólst aðallega í lestri og að leysa ýmsar spurningar sem umsjónarmaður undirbjó eða notaði úr ýmsum spurningaspilum. Liðsmenn undirbyggðu sig yfir jólin og hertu róðurinn þegar í skólann var aftur komið. Auk þess sem haldinn var spurningakeppni milli kennara og nemenda til að undirbúa keppendur enn frekar.

Nemendur Framhaldsskólans fjölmenntu á keppnina sem haldinn var í nýja útvarpshúsinu á Akureyri. Keppnin var jöfn og spennandi, en undir lokin beið lið Framhaldsskólans á Laugum lægri hlut fyrir Menntaskólann á Laugarvatni, 16-19. Hið unga lið Laugaskóla stóð sig með mikilli þrýði og er ljóst að hér er á ferðinni lið sem mun örugglega ná markmiði sínu á komandi árum.

Umsjónarmaður Gettu betur sér um að halda utan um undirbúning og þjálfun þeirra nemenda sem taka þátt í spurningakeppninni fyrir hönd skólans. Í ár unnu aðstandendur keppinnar heimasíðu um Gettu betur og voru skólar beðnir um að veita ýmsar upplýsingar um þátttöku sína í gegnum árin. Þessar upplýsingar vann umsjónarmaður starfsins í samvinnu við nemendafélag skólans. Mikið verk var fyrir höndum því mikill misbrestur var á skráningu um þátttöku skólans milli ára. En með hjálp ýmissa aðila, t.a.m. keppendur fyrri ára, þá hefur verið tekin saman saga Laugaskóla í spurningakeppninni Gettu betur.

Framhaldsskólinn á Laugum tók fyrst þátt í keppninni árið 1990 og hefur alltaf tekið þátt fyrir utan árin 1995, 1998 og 2001. Árangur skólans hefur verið mjög mismunandi, enda ekki alltaf lagt jafn mikið upp úr þátttöku. Gengi skólans fyrstu árin var mjög gott og má þess geta að skólinn komst í 8 liða úrslit í sjónvarpinu 1993 og 1994. Þetta er markmið sem skólinn hefur sett sér að gera aftur og hefur þess vegna lagt mikinn metnað í starfið síðustu tvö ár. Ljóst er að mikið verk er fyrir höndum því keppnin hefur harnað síðustu ár þar sem margir skólar leggja mikið upp úr góðu gengi í þessari keppni. Jákvæð umfjöllun um þá skóla sem skila árangri í keppninni hefur skapað aukna samkeppni um gott gengi liðanna. Það er því markmið Framhaldsskólans á Laugum að gera sitt besta á komandi árum í von um að auka hróður skólans.

Umsjónarmaður
Anita Karin Guttesen

Bókasafn

Skrifað 14 maí 2011

Bókasafn Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2002-2003

Safnið þjónar fyrst og fremst nemendum og kennurum skólans. Á haustönn voru skráðir 120 nemendur í skólann.

Safnkostur

Safnkostur í lok ársins var 6733 þar með talin rit í geymslu og á skrifstofu skólameistara. Jafnframt eru til 124 myndbönd á safnið, 28 geislaplötur og 13 margmiðlunardiskar. Um 48 tímarit berast safninu reglulega, auk ýmissa fréttabréfa, þar af eru 38 í áskrift. Til kaupa á safnkosti var samtals varið kr. 353.408. Þar á meðal er aðgangur að Gagnasafni Morgunblaðsins. Kostnaður vegna annarra gagnasafna og bókasafnskerfis var kr. 49.107.

Starfsemi

Skráð útlán á skólaárinu voru samtals 1074 þar af voru skammtímalán 492. Lán á lesstofu voru ekki skráð, s.s. notkun orðabóka, ýmissa handbóka og tímarita. Nemendur nota safnið almennt við ýmis konar verkefnavinnu og nýta sér lesaðstöðuna til heimanáms. Það er mjög einstaklingsbundið hvað hverjum hentar. Í einstaka áföngum vinna nemendur mjög mikið á bókasafninu. Millisafnalán voru samtals 84 frá 10 söfnum víða um land. Flestar bækur og ljósrit af ýmsum greinum voru fengnar frá Amtsbókasafninu á Akureyri, Landsbókasafni-Háskólabókasafni, Bókasafni S-Þing. og Bókasafni Reykdæla, en einnig frá Bókasafni Háskólans á Akureyri, Bókasafni Kennara-háskólans, Hornafirði og Egilsstöðum. Í einungis fjórum tilvikum voru rit lánuð til annarra safna.

Í upphafi haustannar komu allir fyrsta árs nemar í bókasafnskynningu. Nýttir voru tímar í lífsleikni.

Ragna Þórisdóttir var áfram góður viðskiptavinur safnsins. Auk þess eru nokkrir kennarar við skólann í námi sem hafa nýtt sér þjónustu safnsins, þá helst varðandi millisafnalán.

Nokkrir sjálfboðaliðar sáu um eftirlit á safninu í vetur. Á vorönn vann Pórey Kristín Aðalsteinsdóttir einnig 12 tíma á

viku á safninu.

Á prófatíma var opið lengur fram á kvöld og um helgar og sáu nemendur þá um eftirlit.

Tölvur

Nýr prentari, Laser jet 1200 var keyptur á safnið í skólabyrjun. Um miðjan september komu 6 notaðar tölvur á safnið. Skólinn fékk einnig margfalt betri nettengingu HDSL 500K í stað ISDN tengingarinnar.

Bókasafnskerfi

Búið er að tengja öll gögn á safninu í Gamla skóla nema tímarit. Tímaritaeign safnsins og bækur í bókaeymslu í íþróttahúsi eru enn ótengdar, nema þær sem fluttar hafa verið í geymslu við tengingu í Feng.

Nýja landskerfi bókasafna, Gegnir, hefur nú verið tekið í notkun og vonandi tekst að færa Feng yfir í nýja kerfið e-n tíma á árinu. Við getum því farið að huga að tölvuútlánnum hjá okkur.

Námskeið og fundir

Bókavörður sótti landsfund Upplýsingar, sem haldinn var 5. og 6. september á Hótel Sögu í Reykjavík.

Gjafir

Einar Bragi hefur á undanförunum árum gefið safninu ljóðabækur eftir samíska listamenn sem hann hefur þýtt sjálfur. Við skólaslit færði Ragna Þórisdóttir skólanum ritsafn Snorra Sturlusonar að gjöf, sem þakklætisvott fyrir veitta aðstoð. Hún hefur stundað nám í íslensku við Háskóla Íslands í gegnum fjarfundabúnaðinn hér á Laugum og útskrifast í júnimánuði næst komandi.

Laugum 27. maí 2003,

Gréta Ásgeirsdóttir, skólasafnvörður

Tæknideild

Skrifað 14 maí 2011

Skýrsla tæknideildar 2002-2003

Rekstur tækja var með hefðbundnum hætti og engin stóráföll urðu hvað varðar bilanir eða rekstrartruflanir. Nokkrar endurbætur voru gerðar á tölvukosti í samræmi við áform sem fram komu í skýrslu síðasta árs. Fjölgað var tölvum á bókasafni, skjávörpum og fartölvum, minni stækkuð í eldri tölvum og stýrikerfi endurnýjað. Einnig voru prentarar endurnýjaðir sem og skanni og ljósritunarvél.

Næsta stóra verkefni verður að endurnýja með einhverjum hætti tölvur í tölvustofu en þær standast tæplega nútímkröfur vegna aldurs.

Nú er unnið að því að koma tölvusambandi í herbergi í Tröllasteini og Fjalli og bæta sambandið í kennslustofur í Dvergasteini. Notaður verður ljósleiðari milli húsanna og á þetta að verða tilbúið fyrir haustið.

Tölvur

Nú eru í rekstri 27 PC-tölvur, 13 fartölvur, netþjónn með Windows2000 netstýrikerfi og 8 prentarar. Flestar tölvurnar eru nú með Win2000 stýrikerfi.

Keyptar voru 4 nýjar fartölvur af gerðinni IBM Thinkpad til afnota fyrir kennara og bætt við tveimur ASK C20 skjávörpum. Enn fremur var netþjónn endurnýjaður alveg.

Bylting varð í gagnaflutningamálum þegar skólinn gerðist aðili að hinu nýja FS-neti sem minnst var á í síðustu skýrslu. Þar með er tölvusamband út úr stofnuninni orðið eins og best verður á kosið.

Prentarar

Skipt var um prentara á skrifstofu ritara og á bókasafni. Bókasafnsprentarinn er nettengdur og útprentanir því skráðar á notendur eins og stefnt var að.

Önnur tæki

Keypt var ný Canon IR2200 ljósritunarvél. Hún er mjög fullkomin og bætir verulega aðstöðu til fjölföldunar. Þá var og faxtæki endurnýjað.

Konráð Erlendsson, umsjónarmaður tæknimála

Íþróttastarf

Skrifað 14 maí 2011

Skýrsla um íþróttastarfsemi 2002-2003

Um leið og skóli hófst haustið 2002 hófst íþróttastarfsemi skólans. Byrjað var á að setja upp útiæfingar í knattspyrnu sem undirbúning undir Framhaldsskólamótið í knattspyrnu. Bæði voru æfingar fyrir stráka og stúlkur utandyra. Síðan var raðað niður æfingum á hópa innandyra og sett upp íþróttahústafla. Haldið var úti æfingum í knattspyrnu hjá strákum (tveir hópar), knattspyrnu hjá stúlkum, körfuknattleik hjá strákum, sameiginlegum badmintonæfingum og frjálsum íþróttum fyrir bæði kyn. Einnig var reynt að hafa handboltaæfingar auk bandýæfinga og körfuknattleiksæfinga fyrir stúlkur. Gekk handboltinn best af þessum þremur greinum en stopult samt.

Frjálsíþróttæfingar voru í samstarfi við HSP og Eflingu. Knattspyrnuæfingar voru fjórum sinnum í viku hjá hverjum hóp, körfuknattleiksæfingar hjá strákum voru fjórum sinnum í viku, badmintonæfingar voru tvisvar sinnum í viku sem og körfuknattleiksæfingar stúlkna þegar reynt var að bjóða uppá þær. Handknattleiksæfingar voru einu sinni í viku á vorönn. Æfingasókn var þokkaleg í vetur en í kringum 25 strákar æfðu knattspyrnu reglulega, 15 strákar æfðu körfuknattleik, 10-15 stúlkur æfðu knattspyrnu, 5-10 einstaklingar æfðu badminton og svipaður fjöldi þeirra mætti á körfuknattleiksæfingar hjá þeim meðan þær voru. Um 20 strákar komu nálægt handknattleiksæfingum þegar þær voru.

Um miðjan september var skipað í íþróttafélagsstjórn. Jóhann Jóhannsson var kjörinn formaður, Frosti Sigurðarson var kjörinn gjaldkeri og Þórdís Adda Haraldsdóttir ritari. Meðstjórnendur voru Brynjar Mar Lárusson og Grettir Örn Ásmundsson. Um áramót hætti Þórdís Adda í skólanum og þar með í stjórn íþróttafélagsins og skiptu stjórnarmenn verkum hennar á milli sín en ekki var fenginn nýr einstaklingur í stjórnina. Strax og stjórnin tók til starfa fór hún að huga að þátttöku í íþróttamótum og mótahaldi.

Afráðið var að taka þátt í framhaldsskólamótinu í knattspyrnu, sem fram fór í Hafnarfirði seinni hluta október 2002. Send voru tvö karlalið og eitt kvennalið til keppni en leikið var í sjö manna liðum þvert á hálfan völl. Gengi liðanna var rýsjótt en í heildina unnust þeir leikir. Þrátt fyrir misjafnt gengi höfðu þó allir gaman af ferðinni og þátttökunni.

Stjórnin skráði körfuknattleikslið skólans til þátttöku í Íslandsmótinu og voru þeir í mjög sterkri 2.deild þar sem meðal annars lék lið Þórs frá Akureyri þá nýkomið niður úr Úrvalsdeild. Einnig voru í deildinni lið frá Akureyri, Dalvík, Sauðárkrók og Varmahlíð. Leikin var þreföld umferð, heima og heiman en þannig skapast viðfangsefni sem er reglulegt og nær yfir meginpart vetrarins. Skemmst er frá því að segja að einungis einn hinna fimmtán leikja vannst en munurinn var oft naumur. Körfuknattleiksliðið tók einnig þátt í Framhaldsskólamótinu í körfuknattleik, sem fram fór á Sauðárkróki í byrjun mars 2003 og var þar um að ræða helgarferð. Einnig má geta þess að körfuboltrastrákarnir keyptu

sér keppnisbúninga sem þeir kostuðu með auglýsingum og eigin greiðslu að öllu leyti án þess að íþróttafélagið kæmi þar nærri. Þeir eiga síðan búningana sjálfir.

Hið árlega Laugamót í knattspyrnu var haldið í lok nóvember 2002. Þátttaka í kvennakeppnina var slök en þar skráðu einungis þrjú lið sig til keppni og þar af tvö lið frá skólanum en kvennakeppnina vann lið UMF Eflingar. Skráning í karlakeppnina var góð en 16 lið voru skráð til leiks þar og þar af fjögur lið úr skólanum. Keppni hjá karlaliðunum stóð allan Laugardaginn en þegar upp var staðið var það Einherji frá Vopnafirði sem stóð uppi sem sigurvegari en þeir unnu lið FVA í úrslitaleik. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og er stjórn ÍFL til sóma.

Strax og veður leyfði á vordögum 2003 var farið að æfa knattspyrnu utan dyra á malarvelli skólans en vegna veðurfars var það óvenju snemma sem það var hægt eða í byrjun mars. Mæting á þær æfingar var ágæt sem og á æfingar á grasvöllinum en hægt var að æfa á honum í maí mánuði vegna góðs vors.

Handknattleikslíð skólans keppti nokkrum sinnum við lið Völsungs frá Húsavík og voru þeir leikir hin mesta skemmtun þau úrslit væru misjöfn í þeim en einn leikur af fimm vannst.

Íþróttafélagið gekkst einnig fyrir innanskólakeppni á vorönn með mótaröð í óhefðbundnari kantinum. Keppt var í sundlaug í alls kyns sundafbrigðum og sundleikjum. Einnig var keppt í fituprósentumælingum, svokölluðu "stand up", bókasafnsleit og ýmsu öðru. Var um vikulega keppni að ræða og var keppt á milli vista í stigakeppni. Tókst þetta vel upp og verður vonandi fram haldið næsta vetur með kannski örlítið breyttu sniði.

Ragnar Bjarnason

Íþróttakennari